



34. Umdæmisþing Inner Wheel Ísland

Umdæmi 136

Haldið 26. apríl 2023 á Hotel Kef. kl 18.30.

Þingið hófst með skráningu þingfulltrúa og forsetum allra klubbanna afhent ársskýrsla Umdæmis 136 og auðvelt er því fyrir klúbbkonur að nálgast gögn hjá sínum forseta.

Kl. 18.30 var umdæmisþingið sett af umdæmisstjóra Ágústu Kristínu Grétarsdóttur og bauð hún Inner Wheel konur velkomnar. Kveikt var á kerti umdæmisins og farið yfir einkunnarorð ársins 2022 – 2023 – Work Wonders - sem úleggjast á íslensku - Gerum kraftaverk, hvetjandi afl og samhugur.

Dagskrá fyrri hluta þingsins var með eftirfarandi tilkynningum og framsöguerindum :

Styrkur Inner Wheels þetta árið kr. 200.000 fer til Bjarkarhlíðar, sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Til stóð að afhenda styrkinn á þinginu og einnig að fá stutta kynningu á starfsseminni, en fulltrúi Bjarkarhlíðar forfallaðist og verður því styrknum komið til þeirra ásamt gjafabréfi.

Framsöguerindi voru tvö og höfðu bæði tengingu við einkunnarorð Inner Wheel – Gerum kraftaverk, hvetjandi afl og samhugur, fyrri erindið var eftirarandi:

- Kraftur samstöðunnar í fjölbreytileikanum -

Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri Reykjanesbæ, flutti erindið og hér talaði kona með víðtæka reynslu af hverskyns markmiðasetningum, mannlegum samskiptum og óháð kyni og trúarbrögðum. Hún sagði einkunnarorð Inner Wheel vera risastór og með víðtæka merkingu.

Megin inntak erindisins, var að hvetja okkur til áframhaldandi kraftaverka og hún valdi fyrir okkur, með einkunnarorðin í huga – MILDI, KÆRLEIKA, og HLÝJU – og lagði til að mjúku málin væru útgangspunktur, til að ná settu markmiði í vinasamfélagi sem Inner Wheel er.

Hún spurði okkur spurninga s.s. Hvað er virðing ? Hvernig einkennast samskipti af virðingu ? Hún skildi líka eftir spurningar s.s. Eigum við vini ? - Berum við virðingu í krafti fjölbreytileikans ? - Hvað sýnum við, þegar komið er í samtal ? Komum við fram af virðingu ? En sagði jafnframt staðreyndina vera þá, að ekki er alltaf hægt að vera mjúkur og hafa ekki nein mörk, þá er stundum lítil mótstaða fyrir mótbyr í lífinu.

Einhverntíman gerist mótbyr og einhverntíman mæta flestir eða allir einhverntíman mótbyr.

Í öllum samskiptum er gott að hafa í huga, hverskonar menning er á bak við okkur ? og minnti á „bakpokann“, þar sem við höfum safnað ýmsu, sumt er plássfrekt, fyrirferðamikið og annað minna.

Ef við mætum fólki /einstaklingum með svipaðan bakpoka, þá erum við nokkuð örugg með okkur, ef við hins vegar hittum fólk með ólíkan bakpoka, þá getum við orðið óörugg og samskipti orðið truflandi.

Hilma vildi leggja okkur fleira til, sem mikilvæg atriði, til að kraftaverk gerist þ.e. með því að HLEYPA INN – STÍGA FRAM - TAKA ÞÁTT og BÚA TIL PLÁSS FYRIR AÐRA.

Hún skildi eftir heimavinnu með fleiri spurningum til umhugsunar s.s. - Hver er ég ? - Af hverju er ég eins og ég er ? - Hver eru áhrif mín á samfélagið - Gefum við hrós ? - en muna samt ekki gleyma okkur sjálfum.

Hún gerði upphafsorðin að lokaorðum til okkar, þau voru - HALDIÐ ÁFRAM AÐ GERA KRAFTAVERK. –

Seinna framsöguerindið var:

- Samstarf eykur slagkraft -

Þuríður Halldóra Aradóttir forstöðumaður kynnti Markaðsstofu Reykjanes, þar sem einmitt hefur tekist með krafti, samhug og samstarfi fjölda aðila, að byggja upp vörumerkið -Reykjanes-.

Hún kynnti hlutverk áfangastaðastofu á Reykjanesi, slík stofnun eykur á heildarsamvinnu, ásamt því að þekking og yfirsýn ferðamála hvers landshluta verður hnitmiðaður.

Þuríður fór nánar yfir hversu mikil vinna hefur farið fram við hina mörgu og merkilegu áningastaði hér á Reykjanesi, sem þegar hafa verið byggðir upp til gestamóttöku. Að baki liggur mikill mannauður, fræðsla, gagnasöfnun og markaðssetning.

Þessi mikla vinna fór samt farið fram á erfiðum tímum þ.e. tímum neikvæðrar umræðu um svæðið, sem dæmi um það er brottför hersins 2006, atvinnuleysi og umræðan um Reykjanesið var oft á tíðum neikvæð.

Þessar aðstæður sköpuðu hinsvegar sóknartækifæri, með því að fá fólk með sér til mikillar gagnasöfnunar, sem að lokum varð til þess að svæðið náði algjörlega breyttri ímynd innanlands sem og á alþjóða vísu. Enn er haldið áfram að þróa vörumerkið Reykjanes, sem nú þegar hefur gefið jákvætt orðspor, umtal og upplifun ásamt því að verða einstakt á heimsvísu og vera – UNESCO Global Geopark – og þar með skráð sem heims áfangastaður í ferðamálum. Dæmi um slíka staði eru flekaskilin sem mynda brú á milli heimsálfa, jarðhitasvæðið með Gunnuhver og fl. og fl. mætti upp telja.

Lokaorð Þuríðar voru að verkefni tilheyrandi ferðamálum væru endalaus, en „litlu sigrarnir“ tala sínu máli.

Ágústa Kristín þakkaði Hilmu og Þuríði flutninginn og afhenti þeim vinarós Inner Wheel.

Bæði framsöguerindin voru upplýsandi og um leið hvatning til góðra verka, ásamt því að heyra og sjá öflugar konur í stjórnunarstörfum.

Eftir framsöguerindin var gert matarhlé.

Seinni hlutinn hófst með þinghaldi

Umdæmisstjóri Ágústa Kristín setti þingið og tilnefndi fundarstjóra Soffiu Heiðu Hafsteinsdóttur frá IW Keflavík og Aðalheiði Valgeirsdóttur frá IW Keflavík sem ritara og var það samþykkt.

Minnst var látinna Inner Wheel félaga ársins 2022, þeirra var minnst á hlýlegan hátt, kveikt var á kerti og risið úr sætum til minningar um heiðurskonur, sem voru eftirtaldar:

Inner Wheel Hafnarfjörður:

- Margarethe Kristinssen f. 25.janúar 1923 – d. 9.nóvember 2022

Inner Wheel Kópavogur:

- Sæunn Ragnheiður Sveinsdóttir f. 23.júní 1930 – d. 4.desember 2022

Inner Wheel Görðum:

- Guðbjörg Jónsdóttir

Inner Wheel Reykjavík:

- Margrét Kristín Sigurðardóttir

Inner Wheel Selfoss

- Þóra Grétarsdóttir f. 9. desember 1947 – d. 10. júní 2022

Áfram hélt dagskráin og við fundarstjórn tók Soffía Heiða:

- Sigrún Reynisdóttir IW Hafnarfirði, las upp fundargerð síðasta umdæmisþings sem haldið var 7.mai 2022 í Hafnarfirði.
- Þingfulltrúar kynntu sig og farið var með einkunnarorðin.

1) Skýrsla Umdæmisstjórnar fyrir starfsárið 2022 – 2023, var flutt af umdæmisstjóra, sem flutti ársskýrsluna með stafrænum hætti, en innihald hald hennar fer hér á eftir.

Stjórn Umdæmisins komið saman til alls níu stjórnarfundu (sjá fundargerðabók). Við áttum samveru á nokkrum fundanna, en nýttum tæknina á öðrum, með netfundum og netspjalli, sem auðveldaði samskiptin. Stjórnin er einnig sammála um, að einstök mál eru þess eðlis að þau munu verða framhaldsverkefni næstu stjórna komandi ára.

Umdæmisstjóri fór í þrjár skipulagðar heimsóknir, sem voru til IW Keflavíkur, til IW Hafnarfjarðar og IW Kópavogs sem héldu sameiginlegan fund og að lokum heimsótti hún 50 ára afmælishátíð IW Reykjavíkur og afhenti þeim ljóðabókina *Perlur* að gjöf frá umdæminu.

Segja má að einkunnarorð ársins – Gerum kraftaverk, hvetjandi afl og samhuqur - hafi fengið mikið pláss í okkar vetrarstarfssemi. Þau voru m.a. yfirskrift haustþingsins í október s.l., þar sem stefnumótun fyrir landshreyfinguna í heild sinni, var gerð að meginefni fundarins og núna á vorþingi, endum við starfsárið með tveimur framsöguerindum sem bæði hafa tilvísun í einkunnarorðin.

Þetta starfsárið hefur stjórnin horft sem mest til framtíðar Inner Wheel Íslands og stóru orðanna - Hvert stefnum við? Ekki síst með hugann við haustfundinn (okt.s.l.), sem tókst mjög vel og fjöldinn allur kom af hvers kyns tillögum þar um. Þar var m.a. talað um að nýta þarf betur samfélagsmiðlasíðu IWÍ á Facebook til að minna á fundina frá öllum klúbbum og hvetja til heimsókna milli okkar, IW Keflavík er eini klúbburinn, sem hefur nýtt sér það á þessu starfsári. Við horfðum til þjóðfélagsbreytinga, komandi kynslóðabreytinga, virðingu á persónulegu fjölskyldulífi / viðburðum og einnig rætt um vaxandi vinnuálag útivinnandi kvenna, sem einnig sinna ábyrgðastörfum innan IW hreyfingarinnar. Við gerðum litlar breytingar á starfsárinu í átt að þessari umræðu, dæmi um þetta til reynslu þetta starfsárið eru stóru hópafundirnir þrír, sem hafa verið styttr og haldnir á virkum dögum og vorþingi var flýtt.

Hátíðarfundur í tilefni alþjóðadags Inner Wheel IIW, var haldinn 10.janúar s.l., það sem einkenndi þennan fund var sú nýbreytni, að þetta var um leið félagsfundur klúbbanna. Allt var vel undirbúið með góðri samvinnu við forseta klúbbanna og lagt var til að klúbbarnir sameinuðust um rútuferð til Keflavíkur. Mæting varð afbragðs góð þ.e. 42 konur frá 5 klúbbum, mættu og höfðu gaman saman.

Umdæmisstjóri lagði fram eftirtaldir tillögur, sem stóð til, að fengju ýmist lokaafgreiðslu eða umræður, þær voru eftirfarandi:

- A)** Fá formlegt leyfi þingfulltrúa, til að félagatal Inner Wheel verði sett inn á lokað svæði Fb- IW Ísland.
- B)** Fá formlegt leyfi þingfulltrúa, til að varðveita /geyma gögn Umdæmis 136 á Þjóðskjalasafni Íslands.
- C)** Nauðsyn þess að fá til starfa alþjóða bréfitara / tengil, við alþjóðasamfélagið IIW. Viðkomandi þarf að hafa gott vald á ensku, bæði í rituðu og töluðu máli, best af öllu væri að fá áhugakonu í starfið innan okkar hreyfingar. Hlutverk tengils væri að sjá um vefsíðu, samfélagsmiðla og senda fréttir til alþjóðasamfélagsins. Rök stjórnar fyrir þessari tillögu er, að allt umfang og kröfur alþjóðasamfélagsins breytast sífellt og við erum hluti af því stóra samfélagi og með talsverðar skyldur. Til að geta valdið því, er greinilegt að fleiri og fleiri meðlimir innan klúbbanna þurfa hafa góða tækni kunnáttu, til að geta valdið a.m.k. vissum embættum í okkar starfssemi. Staðreyndin er hins vegar að kunnátta er ekki alltaf til staðar, hvorki í stjórn eða klúbbum. Stjórnin telur líka að þessi staða, muni hugsanlega auðvelda myndun stjórnar, bæði í umdæmisstjórn og klúbbum. Við viljum leggja áherslu á að léttleiki

megi ríkja innan Inner Wheel samfélagsins, þannig að hin ýmsu embætti tilheyrandi stjórnnum, eigi ekki að vera íþyngjandi fyrir klúbbfélaga.

D) Heimasíða Inner Wheel Íslands þarfnast heildaruppfærslu, en fyrirtækið Karakter hefur séð um lénið fyrir hönd Inner Wheel.

E) Lagt var til að stofnuð yrði nefnd fyrir þingið í Manchester, ásamt tillögu þess efnis að ein kona frá hverjum klúbb og ein úr umdæmisstjórn, héldu utan um allt það sem snýr að upplýsingum, kynningu og hvatningu fyrir þingið. Einnig var minnst á þann möguleika, að láta útbúa eitthvað sem gæti einkennt konurnar frá Íslandi.

Umdæmisstjórn tókst ekki að ljúka þessum málum í vetur, sem að hluta til þurfti að biða vorþings, sem ígildi aðalfundar þar sem umræður og samþykki þingfulltrúa þar um, ráða úrslitum. Þessi málefni biða því næstu stjórnar.

Umdæmisstjóri sagði eftir sína reynslu í embætti umdæmisstjóra, þá hefði hún persónulega leitt hugann að því, hversu hratt tíminn liði, milli stjórnasetu klúbbanna. Einnig að klúbbarnir eru frekar fámennir og ekki alltaf auðvelt að fá konur almennt, til að taka að sér hin ýmsu embætti. Hún sagði frá sinni framtíðarsýn, sem mögulega gæti auðveldað stjórn hverju sinni, að ljúka málum. Til þess þarf að breyta forystu umdæmisins, í að vera 2 ár með umdæmið hverju sinni og velta þá forystu klúbbanna á 12 ára fresti, í stað 6 ára fresti með núverandi fyrirkomulagi.

Sagt var frá þeim merku tímamótum hjá Inner Wheel Reykjavík (IWR), elsta klúbb landsins, sem fagnaði 50 ára afmæli 15.mars s.l. og bauð til veislu á Hótel Holti, sem tókst mjög vel og þeim til sóma.

Ágústu Kristínu var þakkaður flutningur ársskýrslu. Varðandi umræður að lokinni ársskýrslu er bent á niðurlag fundargerðar.

2) Ársreikningar lagðir fram:

Bráðabirgða reikningar starfsársins 2022 – 2023, voru lagðir fram af Sólveigu Einarasdóttur gjaldkera og þeir voru eftirtaldir:

- a) Rekstarreikningur 1.júlí 2022 – 24.apríl 2023
- b) Efnahagsreikningur pr. 24.apríl 2023

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða, skoðunnarmaður reikninga þessa starfsárs var Guðný Björnsdóttir IW Keflavík.

Komið var að umræðu varðandi árgjaldið sem núna er kr. 4.700 þar af kr. 500 í ferðasjóð. Sólveig lagði fram, nokkrar tillögur þar um, bæði með óbreytta stöðu og hins vegar til hækkunar. Þá minnti hún á almennar verðhækkunar og einnig ekki síst þann hluta gjaldsins sem rennur í ferðasjóðinn, honum er ætlaður tilgangur s.s. til styrkingar eða greiðslum fyrir umdæmisstjóra til ýmissa skyldustarfa. Eftir þetta urðu all snarpar umræður, þingfulltrúar tjáðu sig hver af öðrum og sýndist sitt hverjum. Þingfulltrúar tóku duglega til máls, ýmis sjónarmið voru látin í ljós þ.e. þeirra sem vildu halda árgjaldi óbreyttu og hinna sem vildu hækkan í takt við verðlag, ásamt því að láta sem mest gott af okkur leiða og enn öðrum sem fannst styrkur ársins, hefði verið full mikill.

Ákveðið að kjósa um árgjaldið, með atkvæði þeirra fulltrúa sem kjörgengi höfðu frá hverjum klúbb, atkvæðagreiðsla fór þannig, að samþykkt með 11 atkvæðum og 2 á móti, að hækka árgjaldið í kr. 5.000, þar af kr. 1.000 í ferðasjóð.

3) Alheimsþing Inner Wheel 7. – 10. Maí 2024, haldið í Manchester Englandi

Þennan stóra viðburð þarf ekki að kynna nánar hér, búið er að ræða þetta innan klúbbana í vetur. Sigríður G. varðandi umdæmisstjóri tók þessa umræðu að sér, hún bauðst til að vera okkar IW fulltrúi á Íslandi, með ferðalagið í heild sinni og hafi hún miklar þakkir fyrir. Hún er mikill reynslukona í IW hreyfingunni og gegnt öllum embættum þar um, ásamt því að mæta á fjölda erlendra viðburða tengt alþjóðasamfélaginu.

Sigríður hafði kynnt sér ýmislegt um Manchester ferðina og sagði frá því sem mögulegt var á þessu stigi, hvatti okkur til skráningar og upplýsti jafnframt um, að möguleiki er að afbóka án kostnaðar, ef þ.e. gert fyrir 26.mars 2024. Hún sagði frá áætluðum kostnað, miðað við tvo í herbergi, en varðandi flug og nánar um hótél og fleiri gunnatriðum, kemur síðar og munu allar upplýsingar verða settar inn á Fb-IW Ísland, þar mun hún einnig setja upplýsingar um hvernig nálgast megi hana persónulega m.t.t. sambands við okkur félagskonur.

Kristjana Þ. Ásgeirsdóttir IW Hafnarfirði kom inn í þessa umræðu og tilkynnti um, hún hefði þýtt allt efni fyrir okkur um Manchester ferðina, frá ensku yfir á íslensku, vel gert hjá Kristjönu og fær hún bestu þakkir fyrir.

4) Stjórnarskipti - Umdæmisstjórn 2023 – 2024 var kynnt og hana skipa:

Sigríður Guðmundsdóttir IW Selfoss umdæmisstjóri

Ragnhildur Jónsdóttir IW Selfoss gjaldkeri

Jóhanna Róbertsdóttir IW Selfoss ritari

María V. Heiðdal, IW Reykjavík, viðtakandi umdæmisstjóri

Ágústa Kristín Grétarsdóttir IW Keflavík, fráfarandi umdæmisstjóri

Skoðunarmenn reikninga:

a) Guðbjörg Guðmundsdóttir IW Selfoss

b) Guðrún B. Jónsson IW Reykjavík

Nýjir stjórnarmeðlimir fengu vinarós að gjöf og viðtakandi umdæmisstjóri Sigríður Guðmundsdóttir þakkaði sínum konum fyrir traustið.

Fráfarandi stjórn undir forystu Ágústu Kristínar Grétarsdóttur IW Keflavík, lét af störfum og þeim afhent vinarós að gjöf.

Fundarstjóri f.h. stjórnar, þakkar framlag *TARAMAR* sem lagði okkur til gjafir á þingið, um er að ræða íslenskt fyrirtæki með aðsetur hér á Suðurnesjum, sem framleiðir snyrtivörur úr hágæða olíum, íslensku þangi og lífrænt ræktuðum jurtum

Að lokum vill umdæmisstjórn koma á framfæri lokaorðum vegna þingloka / þingslita:

Varðandi umræður / fyrirspurnir s.s. eftir ársskýrslu, þá stóð til að fá venjubundnar, uppbyggjandi umræður og fyrirspurnir. Málin fóru hins vegar þannig að allnokkur hiti og þungi færðist í umræðurnar, sem aðallega stóðu um *tillögu um bréfitara / tengil* við alþjóðasamfélagið. Málefnalega umræða náðist *ekki* og engin niðurstaða kom. Aðrar tillögur í ársskýrslu fengu *ekki* umræðugrundvöll og tókst því *ekki* að ljúka málum, málayktum, né þingslitum á þann hátt sem stjórnin hefði kosið. Stjórnin telur *um of* flókið mál að rita þennan framgang í fundargerð, mættum þingfulltrúum er kunnugt um málið og teljum við það nægjanlegt.

Við gerum betur næst og óskum IW Selfoss velfarnaðar á komandi starfsári. 😊

Fundarstjóra Soffiu Heiðu Hafsteinsdóttur þökkuð störfin og fékk vinarós að gjöf.

Alls 36 IW konur, voru mættar á þingið.

Þingslit kl. 21.40
Umdæmisritari

Aðalheiður Valgeirsdóttir

